

Ársskýrsla landsaðgangs 2003

Landsaðgangur

Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland. Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang. Samningar um landsaðgang á árinu 2003 voru:

Áskriftir að gagnasöfnum:

Britannica Online
ProQuest Learning Literature
ProQuest Literature Online
ProQuest 5000
Web of Science

Áskriftir að tímaritasöfnum (greinasöfnum):

Blackwell Synergy
Elsevier ScienceDirect
Karger
Kluwer Online
Springer Link

Einnig er aðgangur að nokkrum gagnasöfnum OVID fyrir tilstilli þriggja bókasafna sem kosta aðganginn fyrir allt landið. Á vef landsaðgangsins eru síðan krækjur á mörg gagnasöfn sem eru í opnum aðgangi og ekki tekin frekari ábyrgð á þeim aðgangi.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur gert þjónustusamning við menntamálaráðuneyti um framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Á fjárlögum ársins 2003 var úthlutað 20 milljónum króna til að standa straum af kostnaði við samninginn, þ.e. til að taka þátt í kostnaði við áskriftir og til að greiða laun starfsmanna safnsins sem sjá um samningagerð, umsýslu með samningum við birgja, kynningu, kennslu og innheimtu hjá þeim sem taka þátt í kostnaði við landsaðganginn.

Einn starfsmaður vann í fullu starfi við umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum <http://hvar.is> og ýmis önnur störf sem tengjast landssamningum og hefur starfsheitið umsjónarmaður (*administrator*). Umsjónarmaður fram í september 2003 var Þóra Gylfadóttir. Sveinn Ólafsson tók við starfinu í október 2003. Þrír aðrir starfsmenn hafa unnið að samningagerð, innheimtu og fjárumsýslu. Þessi störf samsvara tveimur ársverkum í safninu.

Þessi ársskýrsla er unnin að beiðni yfirmanna í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni árið 2006 af Sveini Ólafssyni. Hún er ekki full heimild um starfsemina á árinu 2003 nema hvað varðar síðustu 3 mánuðina. Tölfræði notkunar er hins vegar yfirfarin og staðfest fyrir allt árið 2003.

Innkaupanefnd

Samkvæmt þjónustusamningi starfar nefnd sex sérfræðinga við hlið Landsbókasafns, innkaupanefnd. Hlutverk hennar er að ákveða hvort taka eigi upp nýja samninga, endurnýja eldri eða fella þá niður. Hún ákveður einnig hlutfall bókasafnstegunda í greiðslum vegna gagna- og greinasafna. Nefndin hóf störf í mars og hélt 10 fundi á árinu.

Samningar

Samningur um áskrift að greinasafni Morgunblaðsins, greinum eldri en þriggja ára hverju sinni, gekk í gildi í byrjun nóvember. Samningur við Grove (*Oxford University Press*) um áskrift að Grove Art og Grove Music & Opera höfðu verið óformlega í gildi árið 2001 og voru nú vaktir aftur til formlegrar áskriftar frá 1. janúar 2004. Aðrir eldri samningar voru endurnýjaðir.

Ráðstefnur og aðrir fundir

Umsjónarmaður fór til fundar við 10 gagnasala og útgefendur á ráðstefnunni Online í London 1. til 3. desember.

Kynningarstarfsemi

Í byrjun október var dreift bæklingi um starfsemina með Morgunblaðinu í 72.000 eintökum. Sama bæklingi var dreift í bókasöfn í 3.000 eintökum.

Notkun

	Greinar sóttar í fullri lengd		Mismunur
	2003	2002	
Britannica	37.440	40.917	-8,5%
Blackwell Synergy	45.093	18.066	149,6%
Elsevier ScienceDirect	109.482	58.148	88,3%
Karger Online	2.352	2.216	6,1%
Kluwer Online	12.154	12.838	-5,3%
ProQuest 5000	195.727	150.308	30,2%
SpringerLink	7.488	6.862	9,1%
Samtals	397.582	289.355	37,4%

<i>Tilvísanasafn</i>	Leitir 2003	Leitir 2002	Mismunur
Web of Science	93.035	68.069	36,7%

Byrjað var að telja notendur á vefnum hvar.is í samræmdri vefmælingu Modernus í desember 2002. Árið 2003 var því fyrsta heila árið í slíkri talningu og mældust notendur 96.886.

Sveinn Ólafsson